# INNRITUN Í FRAMHALDSSKÓLA

*Mikilvægar dagsetningar og hagnýtar upplýsingar*



# YFIRLIT

- Mikilvægar dagsetningar
- Veflyklar
- Inntökuskilyrði
- Umsókn
- Staðfesta skólavist
- Aðstoð við innritun



# MIKILVÆGAR DAGSETNINGAR

Forinnritun

- ❑ 8. mars - 13. apríl

Lokainnritun

- ❑ 6. maí - 10. júní (allra síðasti dagurinn)

28. júní - Eiga nemendur að vera komnir með svar



# VEFLYKLAR

**Bréf með veflyklum afhentir í skólanum**

**Kennitala + veflykill**

**Týndir veflyklar - Forráðamenn geta nálgast veflykil barna sinna með því að fara inn á [www.menntagatt.is](http://www.menntagatt.is) og skrá sig inn með Íslyklinum sínum**



MENNTAMÁLASTOFNUN

## Umsókn um námsvist í framhaldsskóla

**Við innskráningu er hægt að nota veflykil Menntagáttar, Íslykil eða rafræn skilríki.**

**Innskráning með veflykli Menntagáttar**

Veflykill sem nemendur 10. bekkjar
fá afhentan í grunnskólanum sínum.

**Veflykill Menntagáttar:**

Kennitala
Veflykill
Innskráning

**EÐA**

**Innskráning með Íslykli**

Nemendur 17 ára og eldri sem sækja um í framhaldsskóla smella á island.is-hnappinn hér að neðan og geta þá valið um hvort þeir nota Íslykil eða rafræn skilríki við innskráningu.

**Íslykill island.is:**

island.is

**Umsækjendur 17 ára og eldri** nota Íslykil eða rafræn skilríki til að skrá sig inn. Íslykil er hægt að fá afhentan hjá Þjóðskrá gegn framvísun persónuskilríkja. Einnig er hægt að sækja um Íslykil rafrænt á www.island.is. Hægt er að velja um að fá hann sendan á lögheimili, sem tekur 2-3 virka daga eða í netbanka og skilar hann sér þangað innan fárra mínútna. Rafræn persónuskilríki er hægt að sækja um hjá viðskiptabanka.

**Umsækjendur 16 ára og yngri** og eiga ekki veflykil sem afhentur var í grunnskóla geta einnig sótt um Íslykil eða fengið forráðamann sinn til að sækja veflykil Menntagáttar fyrir sig. Forráðamaðurinn fer þá inn í umsókn og notar til þess Íslykil eða rafræn skilríki. Þegar komið er inn í umsóknina er valinn flipinn "Veflyklar" vinstra megin á síðunni. Þegar hann er valinn kemur listi yfir börn forráðamanns á aldrinum 14-18 ára og veflyklar þeirra. Forráðamaður skrifar veflykilinn niður, skráir sig út úr kerfinu með því að velja "Útskráning" í valmyndinni til vinstri. Umsækjandinn sjálfur getur síðan farið inn í umsóknarformið og skráð inn kennitöluna sína og veflykil Menntagáttar.

Ef koma upp vandamál varðandi innskráningu þarf að hafa samband við Menntamálastofnun í síma 514-7500, senda netpóst á innritun@mms.is eða senda einkaskilaboð til ráðgjafa innritunar á Facebook.

Menntamálastofnun - Víkurhvarf 3 - 203 Kópavogur
Sími: 514 7500 - Netfang: innritun@mms.is

WWW.MENNTAGATT.IS



# INNTÖKUSKILYRÐI

## Hver skóli setur sín inntökuskilyrði

DÆMI UM INNTÖKUSKILYRÐI




B stig

Flestir horfa á íslensku, ensku og stærðfræði - horft til annarra námsgreina ef margir eru með sömu einkunn




C




B stig



# UMSÓKN

www.menntagatt.is

Veljið tvo skóla - 1.val og 2.val

**Heimaskóli** - sumir skólar taka frá pláss fyrir nemendur í nærumhverfi skólans. Þeim er deilt út í fyrstu úthlutun.

Úthlutun - Getur endað án skóla ef þú stenst ekki inntökuskilyrði

Verum **tímanlega**!

Muna að **staðfesta** skólavist



# STAÐFESTA SKÓLAVIST

Greiðsluseðill - Staðfesting á skólavist.

Ef greiðsluseðill er ekki greiddur lítur skólinn svo á að viðkomandi hafni skólavist

Ef þú vilt breyta um skóla?

- Greiða samt greiðsluseðilinn og vinna svo í að skipta um skóla. Annars gætir þú misst sæti þitt í skólanum og ekki fengið annan skóla. Dæmi eru um að einstaklingar siti uppi án skólavistar.



# AÐSTOÐ VIÐ INNRITUN

Ráðgjöf vegna innritunar í framhaldsskóla

innritun@mms.is

www.menntagatt.is

514-7500

